



Menningar- og íþróttaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2025
MSS25010157
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um frístundastyrk til 20 ára aldurs

Lögð fram svohljóðandi tillaga Antons Inga Lárussonar fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta reglum um frístundakort þannig að þær gildi til 20 ára aldurs miðað við fæðingarár. Breytingin skal taka gildi árið 2026.

Greinargerð:

Framlenging frístundastyrks myndi létta líf ungs fólks sem mörg stunda ennþá nám þegar þau eru tvítug. Frístundastyrkur til tvítugs myndi stuðla að aukinni þátttöku í íþróttum og tómstundum hjá nemendum á framhaldsskólaaldri. Algengt er að ungmenni hætti þátttöku í íþróttum og öðrum tómstundum 18 ára og myndi áframhaldandi frístundastyrkur auðvelda þeim að halda áfram. Eftir 18 ára gætu ungmenni fengið að upplifa sjálfstæði við val á því hvernig frístundastyrknum er ráðstafað sem gefur tækifæri á að prófa eitthvað nýtt og eignast nýja ástríðu. Ungmenni þurfa oft að fjármagna líf sitt sjálf eftir 18 ára og neyðast til að forgangsraða öðrum hlutum fram yfir íþróttir og tómstundir. Tómstundapátttaka vinnur einnig gegn félagslegri einangrun og yrði frístundastyrkur þáttur í því að vinna gegn einmanaleika og vanvirkni meðal ungs fólks í dag.

Vísað til meðferðar menningar- og íþróttaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á



haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.